

Starfsáætlun 2018-2019



Ungbarnaleikskólinn Ársól
Heilsuleikskóli

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Starfið á síðasta skólaári	4
2 Um innra mat í leikskólum	5
2.1 Greinargerð skólastjóra um starfið á síðasta ári	6
2.2 Innra mat 2017-2018	6
3 Ytra mat	8
4 Sérkennsla	8
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	8
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	8
6.1 Símenntun 2017-2018	9
6.2 Símenntunaráætlun 2018-2019	10
7 Foreldrasamvinna	11
8 Samstarf við önnur skólastig	12
9 Skipulagsdagar	12
10 Fylgigögn	13
10.1 Umbótaáætlun 2018-2019	14
10.2 Skóladagatal 2018-2019	19
10.3 Gátlisti Samtaka Heilsuleikskóla	20
10.4 Umsögn foreldraráðs	23

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Leiðarljós leikskólans:

Heilbrigð sál í hraustum líkama þar sem **samvinna** starfsfólks einkennist af **jákvæðni** og **gleði**.

1 Starfið á síðasta skólaári

Á haustönn 2017 tókum við í notkun nýja heimasíðu og innskráningarkerfi sem kallast Karellen. Það er tengt appi þar sem viðvera barna er skráð, svefn, hvernig börnin borðuðu o.fl. Foreldrar geta séð þessar upplýsingar í sínu appi og allt upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla er auðveldara. Almenn ánægja er með þetta kerfi þó svo að það komi upp hnökrar öðru hvoru sem leysast yfirleitt samdægurs.

Símenntun var öflug á síðasta skólaári þar sem við fengum námskeið í Tákni með tali, Hopp og hí og fræðslu um góða liðsheild á vinnustað. Deildarstjórar fóru á námskeið til að efla sig í stjórnendahlutverkinu og meirihluti starfsmanna fór í skemmtilega og fræðandi námsferð til Alicante á Spáni. Þeir starfsmenn sem urðu eftir heima fóru í leikskólaheimsóknir þar sem þeir lærðu meðal annars aðeins um Leikur að læra kennsluaðferðina eins og við gerðum á Alicante.

Ársól tók á móti mörgum gestum á síðastliðnu skólaári. Margir leikskólar á höfuðborgarsvæðinu og einnig utan að landi hafa áhuga á að vita hvernig við vinnum með yngstu börnunum því núna er orðið algengara að leikskólar séu að taka við börnum yngri en tveggja ára. Við erum afskaplega stolt af því að fagfólk vilji kynna sér starfsemina í Ársól og að við séum leiðandi í starfi með ungum börnum.

Starfsárið einkenndist eitthvað af mannabreytingum, aðallega út af barneignum starfsmanna en frá byrjun október 2017 til lok apríls 2018 fóru fjórir starfsmenn í veikindaleyfi og í kjölfarið í fæðingarorlof. Eitthvað er um breytingar í starfsmannahópnum í byrjun næsta skólaárs en vel hefur gengið að manna og erum við svo heppin að einn leikskólakennari bætist í starfsmannahóp Ársólar á haustönn 2018.


2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á skólanámskrá og áherslum leikskólans. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna.

Tilgangur með innra mati er að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Innra mati er einnig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og er liður í þróun á starfsháttum hans (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Samkvæmt reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald er hverjum leikskóla gert að leggja mat á árangur og gæði skólastarfsins með innra mati og eru markmið þess að:

- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum
- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum

Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða hvað þarf að bæta til að ná þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér í stefnu skólans. Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

2.1 Greinargerð skólastjóra um starfið á síðasta ári

Í ár fór innra matið fram þvert á skólann, starfsfólki var skipt upp þvert á deildir og því eru niðurstöðurnar sameiginlegar og engin greinargerð frá hverjum deildarstjóra enda erum við öll að vinna með sama aldur. Á skólaárinu 2018-2019 ætlar hver deildarstjóri að ákveða í samráði við sitt starfsfólk þá umbótaþætti sem þarf að bæta og innra matið fer þá fram í samræmi við þau markmið sem sett eru fram.

2.2 Innra mat 2017-2018

Það gekk vel að ná þeim markmiðum sem við settum okkur í umbótaáætlun 2017-2018:

- Í kaflanum um **stjórnun** gerðum við verkaskiptingu á milli skóla- og aðstoðarskólastjóra skriflega og sýnilega fyrir annað starfsfólk. Eineltisáætlun er fullkláruð, lýðræði er komið í skólanámskrá og hún endurskoðuð og útgefin ásamt jafnréttisáætlun.
- Í **uppeldis- og menntastarfi** lögðum við áherslu á að efla okkur í Tákni með tali, Hopp og Hí námsefninu og að læra undirstöðuatriðin í Leikur að læra kennsluaferðinni. Þetta kemur fram í kafla 6 um símenntun 2017-2018. Við þurfum að halda áfram að skoða efniviðinn í könnunarleiknum á næsta skólaári.
- Þeir þættir í **mannauði** sem við skoðum var að starfsfólkið endurskoðaði námskrána út frá áherslum aðalnámskrár og kláraðist sú vinna í júní 2018. Sameiginlegar uppeldisreglur allra deilda eru viðhafðar og skerpt var á þeim með fræðslu skólastjóra til starfsfólks á vorönn. Deildarfundir eru haldnir reglulega en á næsta skólaári er áætlað að þeir verði eftir hvern deildarstjórafund fyrir utan að hver deild fyrir sig fundar til að ræða þau málefni sem koma upp hverju sinni.
- Í kaflanum um **leikskólabrag** er áfram unnið með samskipti og virðingu enda er þetta eitthvað sem er stöðugt í gangi og þeirri vinnu lýkur aldrei. Ný heimasíða hefur verið tekin í notkun en enn á eftir að setja hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum á síðuna. Samræmdar reglur fyrir starfsfólk eru í vinnslu og verða þær hafðar sýnilegar þegar sú vinna er búin.
- Varðandi **innra matið** þá höfum við náð að gera 4 ára matsáætlun fram í tímann, setja í skólanámskrá hverjar eru helstu leiðir sem skólinn fer í að meta innra starf. Starfsfólk og foreldrar hafa verið virkjaðir í ákvarðanatöku um innra mat. Það má því segja að við höfum náð öllum þeim markmiðum sem við settum okkur í kaflanum um innra mat.

Heilsueflandi teymi Ársólar fór yfir fimm gátlista inn á vef Heilsueflandi leikskóla hjá Embætti Landlæknis. Þetta eru **hreyfing, mataræði, geðrækt, fjölskylda og starfsfólk**. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Í **hreyfingu** náðum við 90% viðmiðum sem er aukning um 6% frá því í fyrra. Sumt er erfitt af ná sökum ungs aldurs barnanna í Ársól, t.d. liðurinn um umferðarfræðslu og samstarf milli leikskólans og þeirra sem standa að íþrótt- og tómstundastarfi á svæðinu.
- Við náðum 87% viðmiðum í gátlistanum um **mataræði** og er það aukning um 4% á milli ára. Í þessum lið eigum við einnig erfitt að ná meiri árangri vegna ungs aldurs barnanna, t.d. að þau skammti sér sjálf og taki þátt í að búa til umgengnisreglur í matmálistímum. Við erum þó meðvituð um að ýta undir sjálfstæði barnanna og gerum meira af því á vorönn þegar börnin nálgast tveggja ára aldur.
- Í **geðræktinni** náðum við 78% viðmiðum sem er aukning um 7%. Sumu náum við ekki vegna aldurs barnanna en við höfum skerpt á samræmdum uppeldisreglum og fræðslu til starfsfólks sem voru markmið sem við settum okkur fyrir sl. skólaár.
- Við fórum í gegnum kaflann um **fjölskylduna** í fyrsta skipti á vorönn 2018. Þar náðum við 88% viðmiðum og það helsta sem við þurfum að skerpa á er að skilgreina réttindi og skyldur foreldra t.d. í skólanámskrá en við stöndum okkur vel þegar kemur að því að upplýsa foreldra um að við séum Heilsuleikskóli og tökum þátt í Heilsueflandi leikskóla verkefninu. Við hvetjum einnig foreldra til hreyfingar og bjóðum þeim að taka þátt í Hreyfiviku UMFÍ árlega.
- Kaflinn um **starfsfólk** var einnig skoðaður í fyrsta skipti en þar náðum við 92% viðmiðum. Það kemur okkur ekki á óvart því Ársól er heilsueflandi vinnustaður. Við vinnum markvisst að heilsueflingu starfsmanna með hreyfihvatningu, viðverustefnu og bjóðum upp á næringarríkan mat á vinnutíma. Við höfum ekki sett okkur stefnu um áfengismál bæði innan og utan vinnustaðar en það er eitthvað sem Skólar ehf. þurfa að skoða í heild sinni fyrir alla sína skóla.

Það er ánægjulegt að sjá að við erum að bæta okkur í þeim lykilþáttum sem við höfum verið að skoða undanfarin ár og erum að ná yfir 80% viðmið í öllum gátlistum sem við fórum í gegnum nema geðrækt þó að við höfum bætt okkur frá því í fyrra. Sá gátlisti er lengstur af öllum lykilþáttunum og eru umbótaþættirnir sem við viljum vinna að á skólaárinu 2018-2019 komnir í Umbótaáætlunina (sjá í fylgigögnum) .

Allt starfsfólk fór í gegnum Gátlista Samtaka Heilsuleikskóla (sjá í fylgigögnum). Við skiptum okkur upp í þrjá hópa þvert á deildir og sumt voru hóparnir ekki alveg sammála um. Þetta er eitthvað sem við þurfum að ræða, hvernig við sjáum hlutina á ólíkan hátt. Í liðunum undir **samskipti, líðan, næringu, hreyfingu og skráningar** erum við að standa okkur mjög vel. Við þurfum að skerpa á **lífsleikni og sköpun** en sumt eigum við hreinlega erfitt með að ná sökum ungs aldurs barnanna.

3 Ytra mat

Ekkert ytra mat fór fram í Ársól á síðata skólaári.

4 Sérkennsla

Engin sérkennsla var í Ársól síðastliðið skólaár. Við vorum þó í samstarfi við þjónustumiðstöðina í Miðgarði varðandi að vísa einu barni áfram í frekari athugun. Einnig tók fagstjóri hreyfingar börn sem voru á eftir í hreyfiþroska í auka hreyfitíma í salnum. Að auki kom Krisztina Agueda hreyfiþroska sérfræðingur og skoðaði nokkur börn með leyfi foreldra þessara barna. Hún er eigandi og kennari í Hreyfilandi sem við hjá Skólum ehf. erum með í Erasmus+ samstarfi.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Á skólaárinu 2017-2018 var eitt barn með annað móðurmál en íslensku (Ungverska) og fimm þar sem annað foreldri var með annað móðurmál en íslensku. Þau tungumál sem voru töluð á þessum heimilum eru enska, hollenska, sinhala (Sri Lanka) og spænska.

Við höfum ekki verið með skipulagt starf vegna þessara barna en eins og með öll börnin í Ársól sem eru að fara í gegnum sitt fyrsta máltökuskeið að þá leggjum við áherslu á að nota Tákni með tali í daglegu starfi og að tala mikið við börnin með áherslu á hugtakanotkun.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á tímabilinu apríl-júní 2018. Deildarstjórar tóku starfsfólk á sínum deildum í samtöl og skólastjóri var með samtöl við fagstjóra í hreyfingu, matráð og deildarstjóra. Í verklagi sem Skólar ehf. hafa sett sér er gert ráð fyrir að deildarstjórar taki starfsþróunarsamtöl annað árið og skólastjóri hitt árið. Á skólaárinu 2018-2019 mun skólastjóri taka öll samtölin.

6.1 Símenntun 2017-2018

Starfshópar	Námskeið – kennari	Markmið	Tími
Allir	Kynning á Karellen skráningarkerfinu Ragnhildur Ólafsdóttir	Að starfsfólk kunni á nýju heimasíðuna og skráningarkerfið sem var tekið í notkun í sept'17	September 2017
Allir	Tákn með tali Mimi Creations	Læra undirstöðufærni í TMT og efla notkun þess í daglegu starfi leikskólans	September 2017
Allir	Hopp og hí Hildur Halldórsdóttir	Læra aðferðir til að tengja saman tónlist, hlustun og hreyfingu í starfi með ungum börnum	Október 2017
Allir	Sterk liðsheild Anna Steinsen	Fræðsla um liðsheild og ábyrgð starfsmanna í að búa til góðan vinnustað	Október 2017
Allir	SMILER- að vera sinn eigin skapari Helga Birgisdóttir	Leiðir fyrir starfsfólk að taka ábyrgð á eigin líðan	Október 2017
Allir	Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól Berglind	Fræðsla um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð starfsmanna	Janúar 2018
Deildarstjórar	Sterkur Stjórnandi MSS-Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Að efla deildarstjóra í stjórnendahlutverkinu	Febrúar og Mars 2018
Allir	Leikur að læra Námskeið á Alicante og í Heilsuleikskólanum Kór	Starfsfólk lærði undirstöðuatriðin í Leikur að læra aðferðinni (efla læsi og stærðfræði í gegnum hreyfileiki)	Maí 2018
Starfsmenn sem fóru til Alicante	Tilfinningagreind Laura Lopez	Hópefli og að fræðsla um hvernig tilfinningar stjórna hvernig okkur líður og leiðir til að hafa áhrif á það	Maí 2018
Allir	Leikskólaheimsóknir Smart English, Heilsuleikskólinn Kór, Ungbarnleikskólinn Sunnuhvoll og Reynisholt	Starfsfólk kynntist starfsemi í öðrum leikskólum t.d. að læra ensku í gegnum leir, jóga, starf í öðrum ungbarnaleikskóla o.s.frv.	Maí 2018

6.2 Símenntunaráætlun 2018-2019

Starfshópar	Námskeið - kennari	Markmið	Tími	Greiðandi	Ábyrgð
Nýtt starfsfólk	Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól-Berglind	Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi	Ágúst 2018	Innifalið í launum skólastjóra	Berglind
Allir	Sameiginlegar uppeldisreglur- Berglind	Að allt starfsfólk beiti sömu aðferð í uppeldi/agamálum	Ágúst 2018	Innifalið í launum skólastjóra	Berglind
Allir	Ráðstefna Samtaka Heilsuleikskóla	Að starfsfólk læri aðferðir til þess að tengja saman tónlist og hreyfingu í starfi með börnum.	Október 2018	Skólar ehf. og endurmennt unarsjóðir starfsmanna	Berglind
Allir	Vellíðan í lífi og starfi Markþjálfarar	Hvernig starfsfólk getur sett sér gildi og markmið í lífi og starfi	Október 2018	Skólar ehf.	Skólar ehf.
Allir	Fyrirlestur um einelti ungra barna- upplýsingar um kennara koma síðar	Fræðsla um hvernig einelti á meðal ungra barna birtist	Vorönn 2019	Skólar ehf.	Berglind
Allir	Skyndihjálp Guðmundur Ingi Rúnarsson	Að starfsfólk þekki skyndihjálp og geti brugðist við í neyð.	Vorönn 2019	Skólar ehf.	Berglind
Allir	Leikskólaheimsóknir	Að sjá starfsemi annarra leikskóla	Vorönn 2019	Skólar ehf.	Berglind

7 Foreldrasamvinna

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Þegar barnið fær leikskólavist er foreldrum boðið á kynningarfund hjá leikskólastjóra sem sýnir þeim leikskólann og kynnir stefnu hans. Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum meðal annars með heimsóknum heim til barnanna. Á þeim tíma er grunnur lagður að foreldrasamstarfi ásamt þátttökuaðlögun þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi. Í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni á ári ásamt kynningarfundum fyrir nýja foreldra á vorönn. Á foreldrafundum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Skólanámskrá leikskólans og aðrar áætlanir eru kynntar og ræddar og skipst er á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar og/eða hópstjóri eiga formlegt samtal við forelda einu sinni á ári á vorönn þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Samtalið er byggt á upplýsingum um barnið, athugunum á færni og þroska í leik og starfi, og Heilsubók barnsins. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Þessi samtöl hafa hingað til verið tvisvar sinnum á ári en reynsla okkar undanfarin ár sýnir að foreldrar eru ekki alltaf í þörf fyrir viðtal stuttu eftir að barnið þeirra byrjar í leikskólanum. Frá hausti 2017 hefur verið val fyrir foreldra hvort þau vilji viðtal á haustönn eða ekki og meirihluti foreldra kaus að koma í viðtal. Foreldrar eiga þess utan alltaf kost á því að fá viðtalstíma við kennara ef þeir hafa þörf fyrir að ræða málín fyrir utan að við leggjum mikla áherslu á dagleg samskipti og gott upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldraráð leikskólans hefur verið sambland af ráði og foreldrafélagi vegna smæðar skólans og er nýtt ráð kosið árlega á haustfundi með foreldrum. Markmið foreldraráðsins er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna ásamt innra starfi leikskólans. Einnig hefur það komið að skipulagningu sumarhátíðar leikskólans sem er haldin árlega en mánaðarlegt foreldrafélagsgjald stendur undir

kostnaði við hátíðina. Sumarhátíð Ársólar 2018 var haldin 1. júní og fengum við Skoppu og Skrítlu í heimsókn ásamt því að boðið var upp á andlitsmálningu, hoppukastala og heilsusamlegar veitingar.

Að auki gaf foreldrafélagið leikskólanum stóra púða og efni til að setja í loftin svo hægt væri að útbúa kósý horn á öllum deildum. Foreldrafélagið stóð einnig fyrir hreinsunardegi á lóð leikskólans fyrir sumarhátíðina þar sem stéttar voru sópaðar, gluggar þrífir og sett niður sumarblóm.

Foreldraráð Ársólar fundaði a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu 2017-2018 ásamt óformlegum samskiptum í gegnum tölvupósta og Facebook síðu hópsins. Ráðið las yfir jafnréttisáætlun skólans, endurskoðaða skólanámskrá, eineltisáætlun og starfsáætlun.

8 Samstarf við önnur skólastig

Þar sem Ársól er ungbarnaleikskóli fara börnin ekki yfir á næsta skólastig þegar þau hætta hjá okkur. Þau fara þó yfir í umhverfi sem er meira krefjandi og þau þurfa því að vera vel undirbúin fyrir það. Okkar hlutverk er að undirbúa þau sem best fyrir þetta næsta skref og það gerum við með því að veita þeim sem flest tækifæri til þess að þroskast og dafna í öruggu umhverfi. Við förum í vettvangsferðir um hverfið, höfum skipulagðar hreyfistundir, kennum þeim að borða sjálf með áhöldum, að drekka úr opnu glasi, að leggja sig inni með öðrum börnum, að leika sér og eiga í samskiptum við aðra og ýmislegt fleira. Allt þetta er góður og mikilvægur undirbúningur fyrir framtíðina.

9 Skipulagsdagar

- 21. ágúst 2018: Heill skipulagsdagur
- 5. október 2018: Heill skipulagsdagur
- 16. nóvember 2018: Hálfur skipulagsdagur eftir hádegi
- 2. janúar 2019: Heill skipulagsdagur
- 8. febrúar 2019: Hálfur skipulagsdagur eftir hádegi
- 15. mars 2019: Heill skipulagsdagur
- 17. maí 2019: Heill skipulagsdagur

10 Fylgigögn

10.1 Umbótaáætlun 2018-2019

10.2 Skóladagatal 2018-2019

10.3 Gátlisti Samtaka Heilsuleikskóla

10.4 Umsögn Foreldraráðs

Umbótaáætlun 2018-2019

Stjórnun

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Viðhalda metnaðarfullu heilsueflingar starfi og vera leiðandi í faglegri vinnu með ungum börnum	Fræðsla til starfsfólks, og foreldra. Kynna leikskólann út á við og stefna að því að fá nema í leikskólak.fræðum	Er stöðugt í gangi	Stjórnendur (skólastjórar og deildarstjórar)	Gera könnun á meðal starfsmanna og foreldra um hversu vel þau þekkja innra starf skólans	Að a.m.k. 80% starfsmanna og foreldra þekki innra starfið vel eða mjög vel. Vera búin að fá a.m.k. 1 leiksk.kenn.nema
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Gott upplýsingaflæði, ábyrgð í rekstri	Upplýsingaflæði í gegnum Karellen, tölvupóstar og mánaðarlegir rekstrarfundir	Er stöðugt í gangi	Skólastjóri, aðstoðarskólastj. og rekstarsfjóri Skóla ehf.	Foreldra- og starfsmannakannanir/jákvæðar rekstrartölur	Að útkoma úr könnunum sýni a.m.k. 90% ánægju með upplýsingaflæði/ rekstrartölur sýna afgang
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Að allir starfsmenn lesi nýútgefna skólanámskrá, starfsáætlun og að verklagsreglur séu samræmdar og sýnilegar	Allir starfsmenn fá undirbúning til að lesa. Deildarstjórar hafi reglurnar sýnilegar á deildum.	Byrja í ágúst 2018 og að öllu leyti komið til framkvæmda í desember 2018	Stjórnendur	Gátlisti hjá lesefni starfsfólks, starfsmannakönnun	Að starfsmannakönnun sýni að allir þekkja þessar áætlanir og verklagsreglur

Uppeldis- og menntastarf

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Skipulag náms og námsaðstæður	Merkja leikfangakassa/ sjónrænt dagskipulag	Setja myndir af innihaldi leikfanga á kassana/ myndir af daglegum athöfnum	Ágúst 2018- maí 2019	Deildarstjórar	Gátlisti	Gátlisti sýnir að leikfangakassar eru merktir/sjónrænt dagskipulag komið í notkun
Uppeldi, menntun og starfshættir	Búa til tímabil þar sem vissir þroskapættir eru teknir fyrir	Að skipta áherslum niður á mánuði og vinna sérstaklega með þessa þætti	Október 2018-apríl 2019	Stjórnendur bera ábyrgð og hópstjórar framkvæma	Starfstengdar skráningar og í heilsubók barnsins	Að fagfólk sjái markvissari vinnu fara fram í hópastarfi- starfsmannakönnun
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsfólk kynni sér jafnréttis- og eineltisáætlanir Ársólar	Allir starfsmenn fá undirbúning til að lesa og fyrirlestur um einelti ungra barna	Ágúst 2018- maí 2019	Stjórnendur	Gátlisti hjá lesefni starfsfólks, starfsmannakönnun	Að starfsmannakönnun sýni að allir þekkja þessar áætlanir og viti meira um einelti ungra barna

Mannauður

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Starfsánægja	Að starfsfólk þekki leiðir til að láta sér líða vel í lífi og starfi	Fá námskeið um vellíðan í lífi og starfi	Október 2018 og lýkur á vorönn 2019	Stjórnendur Ársólar og Skóla ehf.	Starfsmannkönnun	Að a.m.k. 90% starfsmanna líði vel í vinnunni

Leikskólabragur

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Ánægja foreldra með upplýsingaflæði/ upplýsingar á ensku á heimasíðunni	Að setja helstu upplýsingar um skólann og fréttir á ensku	2018-2019	Berglind skólastjóri	Foreldrakönnun	Að a.m.k. 80% foreldra séu ánægðir með upplýsingaflæði/ þegar enskar uppl./fréttir eru komnar á heimasíðuna
Viðhorf foreldra	Að a.m.k. 90% foreldra séu ánægðir með leikskólann	Vöndum okkur í samskiptum, gott upplýsingaflæði	2018-2019	Stjórnendur ábyrgir og allir framkvæma	Foreldrakönnun	Niðurstöður úr foreldrakönnununa sýna að 90% þeirra séu ánægðir með Ársól

Innra mat

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Gagnaöflun og vinnubrögð	Að hver deild ákveði umbótaþætti sem þau vilja vinna með á skólaárinu	Að hver deild geri sína umbótaáætlun	Haustönn 2018 og endurmat fer fram í maí 2019	Deildarstjórar	Gátlisti út frá umbótaáætlun	Að a.m.k. 80% árangur hefur náðst í þeim viðmiðum sem deildin setti sér

Grænfáninn

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Markmið	Að Ársól setji sér ný markmið til að vinna að fyrir úttekt 2020	Að gera umbótaáætlun út frá nýjum markmiðum	Haustönn 2018 og endurmat fer fram í maí 2019	Grænfánateymi	Gátlisti út frá umbótaáætlun	Að allir séu að vinna að markmiðunum og að það sé sýnilegt í leikskólanum

Geðrækt-Gátlisti Heilsueflandi leikskóla

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Í leikskólanum fær hvert verk þann tíma sem það þarf til þess að streita og asi sé fjarri börnum og starfsfólki	Að andrúmsloftið sé afslappað og rólegt, bæði fyrir börn og starfsfólk	Taka vel á móti nýju starfsfólki, skýr verkaskipting, leiðbeinendur fái undirbúning, jákvæð samskipti	Haustönn 2018 og endurmat fer fram í maí 2019	Deildarstjórar	Gálisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda
Skýrar samskiptareglur	Að allir hafi sama skilning á samskiptareglunum	Allir starfsmenn komi að þeirri vinnu að búa til samkiptareglur út frá gildum leikskólans	Ágúst 2018 og endur mat fer fram í maí 2019	Stjórnendur ábyrgir og allir framkvæma	Gálisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda
Persónuleg málefni barna og/eða foreldra eru ekki rædd þar sem aðrir geta heyrt til	Að bæði starfsfólk og foreldrar ræði ekki viðkævm málefni í áheyrn annarra	Skilaboð til starfsmanna og foreldra á fundum og í heimsóknum þegar börnin byrja	Ágúst 2018 og endur mat fer fram í maí 2019	Stjórnendur ábyrgir og allir framkvæma	Gálisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda
Fræðsla til starfsf. um verndandi þætti, áhættuþætti f.geðheilbrigði, þroska og líðan barna	Að starfsfólk sé meðvitað um þá þætti sem hafa áhrif á geðheilbrigði, þroska og líðan barna	Fá fyrirlestur um einelti ungra barna	Vörönn 2019	Skólastjóri	Gálisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Ungbarnaheilsuleikskólinn Ársól

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L Félleikidagurinn	1 Þ Miðdagur	1 F Dagurinn eftirfróðinn	1 F	1 M	1 M Þannamenninn og KSÍ	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M Skipulagsdagur	2 L	2 L	2 Þ	2 F Þannamenninn og KSÍ	2 S Félleikidagurinn	2 Þ
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F Tónlistardagur	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M Félleikidagur	4 F	4 L Þannamenninn og KSÍ	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F Skipulagsdagur	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Dagurinn eftirfróðinn	5 F Blár Dagur Einkavirka	5 S Þannamenninn og KSÍ	5 M	5 F
6 M Félleikidagurinn	6 F	6 L	6 Þ	6 F Foreldrakaffi	6 S Félleikidagur	6 M Dagurinn eftirfróðinn	6 M Félleikidagur	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F Félleikidagurinn	7 S
8 M	8 L Dagurinn	8 M	8 F Félleikidagurinn	8 L	8 Þ	8 F 1/2 skipulagsd. eftir hádegis	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S Halssonardagur	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M Hóvinnudagurinn	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F Bleikur dagur	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F Gulur dagur	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F Íþróttadagur	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Félleikidagurinn	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Mætra- og Gæmskaffi	15 F Skipulagsdagur	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagurinn eftirfróðinn	16 Þ	16 F Dagurinn eftirfróðinn 1/2 skipulagsd. eftir hádegis	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F Skipulagsdagur	17 M	17 M
18 L	18 Þ	18 F Félleikidagurinn	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M Félleikidagurinn	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F Félleikidagurinn	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Félleikidagurinn	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F Dagurinn eftirfróðinn	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F Skipulagsdagur	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M Félleikidagurinn	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Fjölublað dagur	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M	26 F Félleikidagurinn	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 Þ	26 S	26 M	26 F	26 L
27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F	31 M	31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 S	31 M	31 F	31 M	31 F

Gátlisti heilsustefnunnar



<u>Lífsleikni</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Leikurinn					
1	Börnin fá tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik		x		
2	Frumkvæði og hugmyndaflug barna er virt		x		
3	Efniviður er vandaður, fjölbreyttur og vekur áhuga barnanna		x		
4	Starfsfólk er til staðar til að kveikja áhuga og styðja við nám barnanna		x		
5	Starfsfólk er hvatt til að kynna sér skilgreiningu á þróun leiks			x	
Samskipti		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Börnin eru hvött til tjáskipta	x			
2	Börnin fá tækifæri til að leysa ágreining sín á milli	x			
	Lögð er áhersla á jákvæð samskipti á milli:				
3	barna	x			
4	barna og starfsfólks	x			
5	starfsfólks	x			
6	foreldra og starfsfólks	x			
Líðan		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Lögð er áhersla á að efla sjálfsöryggi barna	x			
2	Lögð er áhersla á að kenna börnum að sýna hvert öðru umhyggju	x			
3	Starfsfólk nýtir frjálsa leikinn til að fylgjast með líðan barna	x			
4	Börnin eru hvött til þess að segja með orðum hvernig þeim líður		x		
Næring og sjálfshjálp		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Næring					
1	Matseðilinn er settur saman með hliðsjón af ráðleggingum Embættis landlæknis	x			

2	Matseðilinn er yfirfarinn og samþykktur af næringarfræðingi	x			
3	Matseðillinn er sýnilegur foreldrum	x			
4	Viðmið Embættis landlæknis er notað þegar valin er mjólk	x			
5	Boðið er upp á fisk tvisvar í viku eða oftar	x			
6	Boðið er upp á fjölbreytt grænmeti daglega	x			
7	Ávextir eru í boði oftar en einu sinni á dag	x			
8	Boðið er upp á lýsi eða annan D vítamínjafa daglega	x			
9	Trefjainnihald brauðs er að lágmarki 6 grömm á hver 100 grömm	x			
10	Vatn til drykkjar er aðgengilegt	x			
11	Máltíðir eru að mestu unnar frá grunni	x			
12	Salti í máltíðum er haldið í lágmarki < 2,5gr RDS	x			
13	Hörð fita í máltíðum er höfð í lágmarki	x			
14	Börnin eru hvött til að smakka allan mat	x			
15	Jákvæð umræða er um matinn í matartímum og fræðsla um hollustu	x			
Svefn		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Leikskólinn veitir börnunum tækifæri til hvíldar yfir daginn	x			
2	Leikskólinn veitir þeim börnum sem sofa tækifæri til þess yfir daginn	x			
3	Leikskólinn styðst við viðmið heilsugæslu þegar kemur að svefnþörf barna undir 2 ára 12,5 - 15,5 klst. á sólarhring og 2-4 ára 11-13 klst. á sólarhring	x			
Sjálfs hjálp		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Í leikskólanum fá börn 2 ára og eldri hníf og gaffal		x		
2	Börnin eru hvött til að smyrja sjálf				x
3	Börnin eru hvött til að hella sjálf				x
4	Börnin eru látin þvo sér um hendur eftir salernisferðir og útiveru			x	
5	Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf			x	
Sköpun		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu sköpunar		x		
2	Dagskipulagið gefur tækifæri til skapandi vinnu		x		
3	Skapandi efniviður er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin bæði úti og inni	x			

4	Efniviður til að þjálfa fínhyfingar (t.d. litir, skæri, pappír) er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin			x	
5	Börnin fá tækifæri til að beita líkamanum á mismunandi hátt, t.d. sitja við borð, standa við trönur, liggjandi á gólfi o.s.frv.		x		
6	Börnin fá tækifæri til að fara ólíkar leiðir í sköpun (myndlist, sögugerð, tónlist, dans, tjáning, frjáls leikur, ræktun)		x		
7	Starfsfólk er meðvitað um að sköpunarferlið skiptir mestu máli en ekki útkoman	x			
8	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að grípa augnablikin og vekja forvitni barnanna á umhverfi sínu	x			
9	Verk barnanna eru sýnileg hvort sem það tengist myndlist, frásagnir, koma á framfæri því sem þau eru að skapa	x			
Hreyfing		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu hreyfingar	x			
2	Áhöld til að geta framkvæmt æfingarnar úr Heilsubók barnsins eru til staðar	x			
3	Hreyfistundir eru byggðar á þáttum úr Heilsubókinni	x			
4	Samræmd markmið og tímaseðlar eru fyrir hvern aldur í hreyfistundum	x			
5	Skipulagðar hreyfistundir í sal eru að lágmarki einu sinni í viku	x			
6	Börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag		x		
7	Leikskólinn nýtir sitt nánasta umhverfi fyrir hreyfistundir	x			
8	Starfsfólk tekur þátt í leikjum og hreyfingu með börnum inni/úti		x		
9	Farið er í göngu- eða vettvangsferðir með öll börn reglulega			x	
10	Stjórnendur leitast við að fá námskeið fyrir starfsfólk tengd hreyfingu barna	x			
11	Starfsfólk er hvatt til hreyfingar í frítíma	x			
12	Foreldrar fá fræðslu um heilsustefnuna	x			
Skráningar		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Markvisst er fylgst með þroska barna með skráningu í Heilsubók barnsins og skráð er tvisvar á ári	x			
2	Ábyrgðaraðili er yfir skráningu Heilsubókar	x			
3	Ábyrgðaaðilar eru öryggir á því hvernig á að skrá í Heilsubókina	x			
4	Lögð er áhersla á nákvæma skráningu um heilsufar barna	x			

10.4 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Helga Hreiðarsdóttir, formaður
Berglind A. Zoega Magnúsdóttir, meðstjórnandi
Steinunn Erla Eðvaldsdóttir, meðstjórnandi
Bergþóra Smáradóttir, ritari

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun og telur hana vel unna. Hún er auðskilin, hnitmiðuð og markmiðin skýr. Ráðið er ánægt með að hve miklu leyti starfsfólk hefur getað sótt námskeið og aðra endurmenntun á árinu. Það er einnig mjög jákvætt hve vel Ársól stendur sig í verkefni Landlæknis um heilsueflandi skóla. Markmið næsta árs eru skýr og metnaðarfull, helst er að nefna að bæta starfsánægju starfsfólks, bæta samskipti við foreldra og auka upplýsingaflæði til þeirra. Einnig telur foreldraráð að öll markmið uppeldis- og menntastarfs vera framúrskarandi.

Starfsfólk Ársólar leggur mikla áherslu á og stendur sig vel í að miðla upplýsingum til foreldra, bæði með tölvupósti, á töflum við deildir og einnig á Karellen. Það hafa komið upp ýmsir vankantar og gallar í kerfi Karellen sem hefur stundum gert starfsfólki erfitt fyrir hvað varðar innsetningu

myndefnis til foreldra. Það hefur einnig borið á því að ekki er samræmi hjá deildastjórum og hópstjórum um fjölda mynda eða myndefni sem fer heim. Það er von foreldraráðs að þróun þessarar vinnu haldi áfram á næsta ári og gæti jafnvel haldist í hendur við markmið uppeldis, menntunar og starfshátta. Það er bæði dýrmætt fyrir foreldra að sjá hvað fer fram hjá barninu þeirra í hópastarfi eða leik og hvernig því gengur í barnahópnum. Einnig getur það haft góð áhrif á málþroska barns að skoða myndir með foreldrum sínum og spjalla saman um leikskólann.